**Viðtakandi**: Umhverfis- og skipulagsráð
**Sendandi**: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Reykjavík, 3. janúar 2025
USK24120163

# TILLAGA

---

***Tillaga***

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita heimild fyrir áframhaldandi undirbúningi, verkhönnun og gerð útboðsgagna vegna gerð hjólastígs og framhalds af gönguleið við Vínlandsleið

Greinargerð:
Verkefnið snýst um að hanna hjólastíg í núverandi stæði hitaveitustokka sem verða fjarlægðir auk þess að framlengja núverandi gangstétt meðfram Vínlandsleið, frá Guðríðarstíg að Laxalóni. Hitaveitustokkar verða farnir og land jafnað undir þeim áður en framkvæmdir við göngu- og hjólastíg geta hafist. Veitur standa að endurnýjun stofnæðar hitaveitu og afleggja lagnir í stokkum frá lokahúsi við Vínlandsleið að Laxalóni. Þegar sú vinna hefur farið fram og yfirborð frágengið af Veitum verður þar lagður hjólastígur sem telst til megin stofnleiða hjólastíga um höfuðborgarsvæðið. Sjá meðfylgjandi greinargerð frá Hnit dags. 21.ágúst 2024. Í samræmi við niðurstöður meðfylgjandi greinargerðar er lagt til að hanna lausn nr. 2, þar sem gangstétt verður framlengd meðfram núverandi götukanti og aðeins hjólastígur lagður í stað stokka. Stefnt er að hefja verkhönnun í janúar 2025, verkið felur í sér verkhönnun og undirbúning á útboðsgögnum til framkvæmdaútboðs á árinu 2025.

Áætlaður heildarkostnaður borgarinnar vegna framkvæmda er um 100 m. kr.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
*Deildarstjóri samgangna*

Hjálagt: Teikningasett af frumhönnun auk greinargerðar.

Reykjavík







Skýringar:

- HITAVEITULÖGN
- VATNSVEITULAGNIR

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
HJÓLASTÍGUR, ST.0-250

| | | |
|---|---|---|
| Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH |
| Tölvuskrá: Z(84)09 STÍGUR 1 TILLAGA 2.DWG | | |
| Kt.: ---- | | Dags.: 21.08.24 |
| Samþykkt: | | Verk nr.: 24260 |

| | | |
|---|---|---|
| Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93 | Teikn. nr.: Z(84)07 |
| Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK | Útg.: . |

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)09 STÍGUR 1 TILLAGA 2.DWG

14







Skýringar:

- HITAVEITULÖGN
- VATNSVEITULAGNIR

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)09 STÍGUR 2 TILLAGA 2.DWG

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |


HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111


VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
HJÓLASTÍGUR, ST.250-500

Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH

Tölvuskrá: Z(84)09 STÍGUR 2 TILLAGA 2.DWG

Kt.: ---- | Dags.: 21.08.24

Samþykkt: | Verk nr.: 24260

Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93

Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK

Teikn. nr.: Z(84)08 | Útg.: .







Skýringar:

HITAVEITULÖGN

VATNSVEITULAGNIR

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)09 STÍGUR 3 TILLAGA 2.DWG

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |

**HNIT VERKFRÆÐISTOFA**

Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH

Tölvuskrá: Z(84)09 STÍGUR 3 TILLAGA 2.DWG

Kt.: ----
Dags.: 21.08.24
Samþykkt:
Verk nr.: 24260

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
HJÓLASTÍGUR, ST.500-783

Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93
Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK

Teikn. nr.: **Z(84)09** Útg.: .







Skýringar:

- HITAVEITULÖGN
- VATNSVEITULAGNIR

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)09 STÍGUR 4 TILLAGA 2.DWG

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík, Sími: 570-0500, Fax: 570-0503, WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík, Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR
STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
GÖNGUSTÍGUR 2.5M, ST.0-150

Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH
Tölvuskrá: Z(84)09 STÍGUR 4 TILLAGA 2.DWG
Kt.: ---- | Dags.: 21.08.24
Samþykkt: | Verk nr.: 24260
Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93
Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK
Teikn. nr.: Z(84)10 | Útg.: .







Skýringar:

- HITAVEITULÖGN
- VATNSVEITULAGNIR

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |
| △ | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR
STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
GÖNGUSTÍGUR 2.5M, ST.150-281

Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH

Tölvuskrá: Z(84)09 STÍGUR 5 TILLAGA 2.DWG

Kt.: ---- | Dags.: 21.08.24
Samþykkt: | Verk nr.: 24260

Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93 | Teikn. nr.: Z(84)11 | Útg.: .
Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)09 STÍGUR 5 TILLAGA 2.DWG







Skýringar:

HITAVEITULÖGN

VATNSVEITULAGNIR

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)12 STÍGUR 6 TILLAGA 2 2M.DWG

| | | | |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |
| △ | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA

Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
GÖNGUSTÍGUR 2.0M ST.0-150

| | | |
|---|---|---|
| Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH |
| Tölvuskrá: Z(84)12 STÍGUR 6 TILLAGA 2 2M.DWG | | |
| Kt.: ---- | | Dags.: 21.08.24 |
| Samþykkt: | | Verk nr.: 24260 |

| | | |
|---|---|---|
| Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93 | Teikn. nr.: Z(84)12 |
| Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK | Útg.: . |

19







Skýringar:

- HITAVEITULÖGN
- VATNSVEITULAGNIR

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(84)13 STÍGUR 7 TILLAGA 2 2M.DWG

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

STÍGAGERÐ VALKOSTUR 2
GÖNGUSTÍGUR 2.0M ST.150-281

Hannað: ÞBE | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH

Tölvuskrá: Z(84)13 STÍGUR 7 TILLAGA 2 2M.DWG

Kt.: ---- | Dags.: 21.08.24
Samþykkt: | Verk nr.: 24260

Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93
Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK

Teikn. nr.: Z(84)13 | Útg.: .

27







Skýringar:

| | | |
|---|---|---|
| STAUR FJARLÆGÐUR | ÚTLÍNA STÍGA | NÝ YFIRBORÐSMERKINGING HVÍT |
| NÝR 5m STAUR | NÚVERANDI STRENGIR | NÝ YFIRBORÐSMERKINGING RAUÐ |
| NÝR 8m STAUR | NÚVERANDI HÁSPENNUSTRENGIR | NÝTT MERKI |
| | GÖTULJÓSASTRENGUR 4x10Cu | NÝR STAUR |

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(86)03 GÖTULÝSING VALKOSTUR 2.1.DWG

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

VALKOSTUR 2
GÖTULÝSING & MERKINGAR

Hannað: ÞBE/FG | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH

Tölvuskrá: Z(86)03 GÖTULÝSING VALKOSTUR 2.1.DWG

Kt.: #### | Dags.: 21.08.24

Samþykkt: | Verk nr.: 24260

Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93

Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK

Teikn. nr.: Z(86)03 | Útg.: .

28







Skýringar:

| | | |
|---|---|---|
| STAUR FJARLÆGÐUR | ÚTLÍNA STÍGA | NÝ YFIRBORÐSMERKINGING HVÍT |
| NÝR 5m STAUR | NÚVERANDI STRENGIR | NÝ YFIRBORÐSMERKINGING RAUÐ |
| NÝR 8m STAUR | NÚVERANDI HÁSPENNUSTRENGIR | NÝTT MERKI |
| | GÖTULJÓSASTRENGUR 4x10Cu | NÝR STAUR |

V:\2024\2XX\24260\07-TEIKNINGAR\06-TEIKNINGASETT\Z(86)04 GÖTULÝSING VALKOSTUR 2.2.DWG

| | Breytingar: | Dags.: | Samþykkt: |
|---|---|---|---|
| 6 | | | |
| 5 | | | |
| 4 | | | |
| 3 | | | |
| 2 | | | |
| 1 | | | |

HNIT VERKFRÆÐISTOFA
Háaleitisbraut 58-60
108 Reykjavík
Sími: 570-0500
Fax: 570-0503
WWW.HNIT.IS

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Sími: 411-1111

VÍNLANDSLEIÐ
GÖNGU OG HJÓLASTÍGUR

VALKOSTUR 2
GÖTULÝSING & MERKINGAR

Hannað: ÞBE/FG | Teiknað: ÞBE | Yfirfarið: GGH

Tölvuskrá: Z(86)04 GÖTULÝSING VALKOSTUR 2.2.DWG

Kt.: #### | Dags.: 21.08.24
Samþykkt: | Verk nr.: 24260

Mkv.: 1:500 | Hnitakerfi: ISN93
Frumst. blaðs: A2 | Hæðarkerfi: RVK

Teikn. nr.: Z(86)04 | Útg.: .

# Vínlandsleið göngu- og hjólastígur

## Forhönnun

## Greinargerð vegna leiðarvals




Unnið af Hnit verkfræðistofu
Guðmundur G. Hallgrímsson
Þorsteinn Breki Eiríksson

Fyrir Reykjavíkurborg
Grétar Mar Hreggviðsson
Kristinn Jón Eysteinsson

| | |
|---|---|
| ***Verkheiti:*** | Vínlandsleið göngu- og hjólastígur<br>Forhönnun |
| ***Titill verkefnis:*** | Göngu- og hjólastígur meðfram Vínlandsleið |
| ***Verkkaupi:*** | Reykjavíkurborg<br>Umhverfis- og skipulagssvið |
| ***Tilvísun verkkaupa:*** | USK24010055 |
| ***Umsjón verkkaupa:*** | Kristinn J. Eysteinsson, verkefnisstjóri, Reykjavíkurborg<br>Grétar M. Hreggviðsson, Reykjavíkurborg |
| ***Staðsetning verkefnis:*** | Grafarholt Hnitakerfi: ISN93, X/A 365000 Y/N 405800 |
| | Hæðarkerfi Reykjavíkur |
| ***Umsjón verkefnis HNIT:*** | Guðmundur G. Hallgrímsson |
| ***Höfundur(ar):*** | Guðmundur G. Hallgrímsson ggh@hnit.is<br>Þorsteinn G. Eiríksson thorsteinn@hnit.is |
| ***Verknúmer:*** | 24260 |
| ***Útgáfa:*** | SK01 |
| ***Dags.:*** | Reykjavík, 21. ágúst 2024 |
| ***Yfirfarið og samþykkt:*** | Guðmundur G. Hallgrímsson |
| ***Dags.:*** | 21.08.2024 |

| | |
|---|---|
| ***Samstarfsaðilar:*** | Veitur |
| ***Leitarorð:*** | Vínlandsleið, Laxalón, forhönnun, göngustígur, hjólastígurr |
| ***Aðgangur:*** | |
| ***Útdráttur:*** | Hnit verkfræðistofa hf vann að forhönnun þriggja valkosta hjólastígs frá Laxalóni að Húsasmiðjunni í Grafarholti ásamt gönguleið. |
| ***Höfundaréttur:*** | © HNIT verkfræðistofa, 2024 |
| ***Mynd á forsíðu:*** | LUKR. |
| ***Aðrar myndir:*** | |

# Efnisyfirlit

Um verkefnið ........ 4
Valkostur 1 ........ 5
Valkostur 2 ........ 6
Valkostur 3 ........ 7
Lokaorð ........ 8

## Um verkefnið

Verkefnið snerist um það að skoða möguleika á hjóla-og/eða göngustíg í núverandi stæði hitaveitustokka sem á að fjarlægja. Gert er ráð fyrir að þeir verði farnir og land jafnað undir þeim áður en framkvæmdir við göngu- og hjólastíg hefst. Hitaveitustokkarnir liggja milli Vínlandsleiðar og Vesturlandsvegar frá tengihúsi Veitna við Vínlandsleið 10A að Laxalóni.

Aðstæður á staðnum eru ekki einfaldar fyrir stígagerð. Talsverður hæðarmunur er á milli Vínlandsleiðar og Vesturlandsvegar sem þarf að huga að við hönnun. Einnig er talsverður langhalli á núverandi hitaveitustokkum frá Laxalóni að Guðríðarstíg. Leggja á nýjar hitaveitulagnir og fjarlægja núverandi hitaveitustokka. Einnig liggur vatnsveitulögn meðfram hitaveitustokkunum sem þarf að halda fjarlægð frá og passa að ekki sé hætta á að hún verði fyrir hnjaski á framkvæmdatíma.

Veitur stefna að því að endurnýja stofnæð hitaveitu og afleggja lagnir í stokkum frá lokahúsi Við Vínlandsleið að Laxalóni. Gera má ráð fyrir að þegar sú vinna hefur farið fram og yfirborð frágengið af Veitum að það verði breytt frá því sem reiknað með í þessari forhönnun. Nokkur óvissa skapast af þessu í magntölum sem notaðar eru til grundvallar kostnaðaráætlun.

Hér að neðan verður gerð grein fyrir þremur valkostum:

- **Valkostur 1** Göngu- og hjólastígur liggja samsíða frá Vínlandsleið en þeir deilast við lokahús veitna og fara sitt hvoru megin við það.
- **Valkostur 2** Hjólastígur liggur meðfram Vínlandsleið. Gönguleið er um núverandi gangstétt við Vínlandsleið en hún er framlengd frá Guðríðarstíg að Golfskálavegi.
- **Valkostur 3** Göngu- og hjólastígur liggja samsíða alla leið meðfram Vínlandsleið og liggja þeir báðir milli Vínlandsleiðar og lokahúss Veitna

## Valkostur 1

Hér liggja báðir stígar saman frá Laxalóni þar til komið er að tengihúsi Veitna en þá fara göngu-og hjólaleiðin sitthvoru megin við húsið. Gönguleiðin liggur nær Vínlandsleið og hjólaleiðin liggur nær Vesturlandsvegi. Stígarnir sameinast svo aftur þegar komið er fram hjá tengihúsinu. Þessi uppröðun er í raun öfug við það sem venja er en það er látið ráða að færa hjólastíginn vestur fyrir tengihús Veitna.



**Kostir:**

- Hvorugur stíganna fer inná lóð tengihúss Veitna, Vínlandsleið 10A.

**Gallar:**

- Hjólastígurinn er fjær Vínlandsleið sem er óvenjulegt, skoða þarf hvernig hægt er að láta þá víxlast við Laxalón
- Hjólastígurinn liggur inn fyrir tvöfalt öryggissvæði Vesturlandsvegar og þarf því að setja upp vegrið til að verja hjólandi vegfarendur.
- Hjólastígurinn liggur í gegnum þá leið sem hefur verið notuð sem aðkoma að tengihúsi Veitna, þar munu stórir og þungir bílar keyra stöku sinnum sem getur farið illa með stíginn.
- Færa þarf eða fjarlægja allavega 2 ljósastaura við Vínlandsleið.

**Kostnaðaráætlun**

Kostnaðaráætlun fyrir valkost 1 er ríflega 110 milljónir króna með 25% óvissuálagi.

## Valkostur 2

Hér liggur einungis hjólastígur meðfram Vínlandsleið frá Laxalóni að göngustíg við Húsasmiðjuna. Engin göngustígur verður meðfram hjólastígnum. Gangstétt verður lögð frá Guðríðarstíg niður að Golfskálavegi.
Skoða þarf nánari útfærslu á gönguþverun við Guðríðarstíg, einnig þarf að kanna hvort lýsing sé fullnægjandi.
Ráðgjafi vill benda á það að hægt sé að skoða að þrengja götuna frá gatnamótum við Guðríðarstíg að hringtorgi við Laxalóni. Gatan er í dag 7,5 metrar á breidd.
Ráðgjafar skoðuðu hér bæði 2,0m og 2,5m breiða stétt og telja kostnaðarlegan mun ekki vera svo mikinn að það borgi sig að leggja 2m stétt.

**Kostir:**

- Meira pláss er við tengihús Veitna og engar sérstakar ráðstafanir þarf að gera þar til að varna fólki frá þaki tengihússins.
- Malbikskantur fer ekki inn fyrir lóðamörk þó þarf að fylla eitthvað að húsinu.
- Framkvæmdin er umfangsminni en fyrir Valkosti 1 og 3. Þar með ódýrari.

**Gallar:**

- Ekki verður samfelld gönguleið á kaflanum.
- Kostnaður getur aukist við gangstéttina vegna klapparskeringa. Ekki var tekið tillit til þeirra í kostnaðaráætlun
- Gangstéttin kemur til með að vera með meiri langhalla en ráðlagt er, langhallinn mun vera mestur um 7%.
- Færa þarf eða fjarlægja allavega 2 ljósastaura við Vínlandsleið.
- Útfæra þarf merkingar sem sýna að hjólastígur sé ekki ætlaður gangandi.
- Bæta þarf við gönguþverun yfir Vínlandsleið við Húsasmiðjuna.

**Kostnaðaráætlun**

Kostnaðaráætlun fyrir valkost 2 er ríflega 97 milljónir króna fyrir 2,5 m breiða gangstétt en 90 milljónir króna með 25% óvissuálagi. Á þessu stigi eru ekki gerðar athuganir á klöpp við gangstétt á Vínlandsleið.

## Valkostur 3

Hér liggja báðir stígarnir saman frá Laxalóni, vestan Vínlandsleiðar alla leið að göngustíg við Húsasmiðjuna. Báðir stígar liggja milli tengihúss Veitna og Vínlandsleiðar.
Hér mætti skoða að hafa stígana fjær götu svo minna rask verði, þá þarf ekki að færa eins marga ljósastaur.

**Kostir:**

- Eitt kennisnið alla leið
- Einföld og eðlileg leið þar sem hjólastígur er næst Vínlandsleið og göngustígur utar.

**Gallar:**

- Þrengsli fram hjá lokahúsi Veitna. Þá er hætta á að fólk komist upp á þak hússins. Gera þarf ráðstafanir við húsið. Einungis eru 2,0m frá malbikskanti í húsvegg tengihúss og malbikskantur fer 2,7m inn fyrir lóðarmörkin. Hæð á stíg er svipuð og hæð þaks á tengihúsi.
- Hér eru 7 ljósastaurar sem þarf að færa/fjarlægja.




**Kostnaðaráætlun**

Kostnaðaráætlun fyrir valkost 3 er ríflega 116 milljónir króna með 25% óvissuálagi.

## Lokaorð

Ráðgjafar skoðuðu 3 valkosti og greindu hér að ofan frá helstu kostum og göllum þeirra. Einnig voru allir valkostirnir kostnaðarmetnir og voru valkostur 1 og 3 álíka dýrir en valkostur 2 ódýrari en hinir. Samantekt kostnaðaráætlana:

| | | Valkostur 1 | Valkostur 2a | Valkostur 2b | Valkostur 3 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Aðstæður á vinnusvæði o.fl.** | | | | | |
| **1.1-1.5** | **Aðstaða o.fl.** | 1.400.000 kr | 1.600.000 kr | 1.600.000 kr | 1.400.000 kr |
| **Upprif og jarðvinna** | | | | | |
| **2.1** | **Gröftur - Ráðstöfun uppgrafins efnis** | 7.694.750 kr | 8.003.250 kr | 7.479.000 kr | 5.228.750 kr |
| **2.2** | **Fyllingar í götu og stíga** | 22.338.000 kr | 15.300.000 kr | 14.802.000 kr | 25.512.000 kr |
| **2.4** | **Jöfnunarlag (Mulningur)** | 9.400.000 kr | 6.800.000 kr | 6.400.000 kr | 9.400.000 kr |
| **Götu- og stígalýsing** | | | | | |
| **3.1** | **Götu- og stígalýsing** | 16.590.000 kr | 13.400.000 kr | 13.400.000 kr | 21.050.000 kr |
| **Yfiborðsmerkingar og skiltun** | | | | | |
| **4.1-4.5** | **Umferðarmerki, uppsetning o.fl.** | 2.077.000 kr | 1.279.000 kr | 1.279.000 kr | 936.000 kr |
| **4.6** | **Yfirborðsmerkingar** | 1.492.000 kr | 1.030.000 kr | 1.030.000 kr | 2.305.000 kr |
| **Yfirborðsfrágangur og ræktun** | | | | | |
| **5.1** | **Malbik** | 21.500.000 kr | 11.750.000 kr | 11.750.000 kr | 21.500.000 kr |
| **5.2** | **Hellulögn** | 3.375.000 kr | | | 3.750.000 kr |
| **5.3** | **Steypt gangstétt** | | 21.690.000 kr | 17.520.000 kr | |
| **Götugögn** | | | | | |
| **6.1** | **Götugögn, vegrið, handrið ofl.** | 6.150.000 kr | | | 5.400.000 kr |
| | **Samtals (25% óvissa)** | **110.420.100 kr** | **97.022.700 kr** | **90.312.000 kr** | **115.778.100 kr** |

Valkostur 2 er einfaldari í framkvæmd en hinir, ekki þarf að setja upp vegrið eða handrið til að verja tengihús Veitna eða hjólandi vegfarendur frá Vesturlandsvegi. Hægt er að hafa minni langhalla á stígnum því hann er ekki eins breiður og hinir valkostirnir. Vegna þessara atriða og þar sem valkostur 2 eru kostnaðarminni en hinir þá leggja ráðgjafar til að valkostur 2 fari í fullnaðarhönnun.

Nefna má að einnig var skoðuð önnur gönguleið frá Guðríðarstíg að Golfskálaveigi til að uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla með 5% hámarks langhalla. Ekki þótti þetta fýsilegur kostur og var ákveðið að hafa hann ekki með í þessari samantekt.